

Sp.

24. Fyrirspurnir.

[24. mál]

I. Til landbúnaðarráðherra um Áburðarverksmiðjuna h/f.

Frá Gils Guðmundssyni.

1. Hafa tilraunir til að auka kornastærð kjarnaáburðar borið árangur?
2. Hafa rannsóknir leitt í ljós, að kjarnaáburður sé of kalksnaður fyrir íslenskan jarðveg?
3. Eru á því tæknilegir erfiðleikar að auka kalkinnihald áburðarins, sé það talið æskilegt?
4. Eru uppi ráðagerðir um stækkun áburðarverksmiðjunnar, og þá hverjar?
5. Hefur það leitt til sparnaðar að fela Áburðarverksmiðjunni h/f rekstur Áburðarsölu ríkisins?

II. Til ríkisstjórnarinnar um frestun verklegra framkvæmda.

Frá Halldóri E. Sigurðssyni, Halldóri Ásgrímssyni og Ingvari Gíslasyni.

Hefur ríkisstjórnin notað heimild í 6. gr. laga nr. 1 1964, um ráðstafanir vegna sjávarútvegsins o. fl., og frestað verklegum framkvæmdum, sem fé var veitt til á fjárlögum 1964?

Ef svo er, þá hverjum?